



# *Grunnskóli Fjallabyggðar*

Niðurstaða eineltiskönnunar 2010


# Upplýsingar

- Könnunin var tekin í byrjun desember 2010 og var lögð fyrir í tölvu.
- Nemendafjöldi sem tók þátt í könnuninni:
  - Yngri deild – alls 77 nemendur
  - Eldri deild – alls 135 nemendur

# Hvað felst í eineltisrannsókninni?


- Mælingar á einelti
- Viðbrögð í eineltisaðstæðum
- Afstaða til eineltis
- Hvernig aðrir/umhverfið bregðast/bregst við
- Niðurstöðurnar notaðar til þess að skólinn geti markvisst bætt umhverfi barnanna

# Einelti í 4.-10. bekk



- Einelti mælist 6% í skólanum öllum (þremur skólahúsum) og hefur minnkað ef skoðaðar eru niðurstöður gömlu skólanna. Alls 10 nemendur segjast lagðir í einelti. Hægt er að skoða svör við öðrum spurningum. Þá eru þetta 21 nemandi í heildina eða 22% nemenda.
- Meðaltal á landsvísu er um 8%. Mjög lágar tölur hjá strákum í unglingadeild en háar hjá yngri strákum.


# Hverjir leggja í einelti?



- Engin stelpa í skólanum viðurkennir að hún leggi í einelti en tveir drengir á yngra stigi og tveir á eldra stigi. 14 nemendur segja „einstaka sinnum”.
- 9 nemendur segjast vera lagðir í einelti af bekkjarfélögum og 6 nemendur merkja við; aðallega af einum strák og 6 merkja við marga stráka.

# Hvernig líkar þér í skólanum?

þeir sem svara mjög illa og illa



- 4 nemendur á yngra stigi og aðeins 1 á unglíngastigi (stelpa) svara þessari spurningu – sem er góð niðurstaða. Samkvæmt þessu líkar öllum strákum í 7.-10 vel að vera í skólanum!

- Enginn í 4.-6. bekk merkir við að hann eigi ekki neinn vin eða vinkonu! En þrjár stelpur í unglíngadeild eiga engan vin.


# Lögð í einelti eitt ár eða lengur

(af þeim sem eru lögð í einelti)

Aðeins einn drengur í 4.-6. bekk merkir við að hann hafi verið lagður í einelti í mörg ár. Mikilvægt er að finna hann og vinna með hans mál. Hér verða foreldrar og umsjónarkennari að vinna saman.

Tvær stelpur og einn strákur í unglingsdeild segjast hafa verið lögð í einelti í mörg ár. Mikilvægt að finna þá!

# Óttast að vera lögð í einelti




Alls eru þetta 10 nemendur á yngra stigi og 15 nemendur á eldra stigi sem svara óttast öðru hverju, fremur oft, oft og mjög oft.




# Hverjum er sagt frá?

## 4.-10. bekkur – fjöldi einstaklinga (ekki %)



- Aðeins ein stelpa í 4.-6. bekk hefur ekki sagt frá eineltinu en við viljum að allir segi frá!
- Það getur skipt sköpum að nemandi segi frá.
- Hvernig fáum við nemendur til þess?


**Þegar þú sérð nemanda á þínum aldri  
verða fyrir einelti í skólanum,  
hvað hugsarðu eða finnst þér um það?  
Svara: Vorkenni og vil aðstoða**



- Sýnir hversu mikil samkennd nemenda er með öðrum sem lendar í einelti og hvort þeir geta/þora að aðstoða.
- Samkennd hefur aukist sem er gott.

## Sp.36 Gætir þú hugsað þér að taka þátt í að leggja nemanda í einelti sem þú kannt ekki vel við?


Svara: Já, já kannski eða ég er ekki viss.



- Mælikvarði á árásarhvöt.
- Alls eru þetta aðeins tveir nemendur í yngri deild og níu í eldri deild. Mjög góður árangur í yngri deild!


# Hve oft reyna kennarar eða aðrir fullorðnir í skólanum að gera eitthvað til að stöðva einelti gegn nemanda í skólanum

Nemendur sem svara oft, eða næstum alltaf



**Hve oft reyna aðrir nemendur  
að gera eitthvað til að stöðva það að  
nemandi sé lagður í einelti í skólanum?**


**Svara: „Oft” eða „næstum alltaf”**



- Mælikvarði á hversu ÖRUGG þau telja sig vera EF þau lenda í einelti eða einhver náin(n) vinur/vinkona.
- Lítið traust hjá unglingadeildinni.

## Hve mikið finnst þér að umsjónarkennari þinn hafi gert til að koma í veg fyrir einelti í bekknum/hópnum undanfarna mánuði?


Svara: „Fremur lítið” eða „lítið eða ekkert”



- Mælikvarði á afstöðu okkar og viðbrögð.
- Hér viljum við sjá lágar tölur.


# Hvar lögð í einelti 2010

4.-6.bekkur – fjöldi nemenda



# Hvar lögð í einelti 2010

7.-10.bekkur – fjöldi nemenda





# Fyrsta flokks Olweusarskóli?

- Jákvætt hugarfar starfsmanna og trú á Olweusaráætluninni 4 – 5 umræðufundir yfir veturinn, könnun.
- Samvinna, virkni og skjót viðbrögð- allir starfsmenn bregðast við og láta sig málin varða.
- Góð færni kennara - forvarnarvinna með nemendum – bekkjarfundir.
- Öflugt eineltisteymi.
- Skilaboð skólastjórnenda um mikilvægi verkefnisins eru mikilvæg.

# Samskipti heimila og skóla

- Skólinn ber aðalábyrgð á að koma á jákvæðu samstarfi heimila og skóla.
- Foreldrar gegna lykilhlutverki við þroska og mótun barns síns og bera ábyrgð á hegðun þess.